

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Hellisheiðarvirkjun.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 26. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir Hellisheiðarvirkjun. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti á fundi sínum 31. mars 2016 að heimila auglýsingu að tillögu á 9. breytingu á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu fyrir virkjun á Hellisheiði ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem upphaflega var samþykkt 26. apríl 2004. Athugasemdafresti lauk 12. maí 2016. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Gildandi deiliskipulag var samþykkt 28. október 2010 og öðlaðist gildi 20. desember 2010. Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Porlákshöfn, 2. september 2016.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. september 2016